

**Ed.**

**107. Frumvarp til laga**

[104. mál]

um breyting á sjómanna­lögum, nr. 67 frá 31. des. 1963, sbr. l. nr. 53/1969 og l. nr. 49/1980.

Flm.: Finnur Torfi Stefánsson.

1. gr.

4. mgr. 18. gr. laganna hljóði svo:

Hafi skipverji starfað við sjómennsku í tvö ár skal hann, auk þess sem í 3. mgr. segir, halda föstu kaupi, kauptryggingu eða sérlega um sömdu veikindakaupi í allt að einn mánuð, en í allt að tvo mánuði eftir fjögurra ára samfelld störf við sjómennsku.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Með frumvarpi þessu er lagt til að felldur verði niður sá áskilnaður gildandi laga að menn þurfi að hafa verið í þjónustu sama útgerðamanns í annars vegar tvö ár, hins vegar í fjögur ár, til þess að öðlast þau réttindi í veikinda- og slysatilfellum sem lagagreinin fjallar um.

Áskilnaður þessi virðist óþarfur og hefur ýmsar óheppilegar afleiðingar.

Að baki lagaákvæðinu liggur sú hugsun, að menn eigi að fá aukinn rétt með aukinni starfsreynslu og er það réttlátt gagnvart bæði skipverja og útgerðarmanni þar sem útgerðarmaður nýtur góðs af starfsreynslu skipverjans og því honum í hag að bæta kjörin til samræmis.

Eftir gildandi lögum missir skipverji í réttindum við að hætta störfum hjá einni útgerð og hefja störf hjá annarri. Síðari útgerðin nýtur þó til fulls starfsreynslu skipverjans og er útlátalaust að láta hann njóta réttinda í veikinda- og slysatilvikum hvort sem starfsreynslunnar var aflað í þjónustu þeirrar útgerðar eða einhverrar annarrar.

Núgildandi regla hefur þær afleiðingar, að skipverjar eiga örðugra með að skipta um skipsrúm en edlilegt er, þar sem þeir missa við það réttindi. Hittir þetta sérstaklega illa fyrir aldraða sjómenn, sem kunna að vilja breyta til og taka t. d. upp léttari störf á sjó, en þeir hafa ekki síst þörf fyrir réttinda- og slysaveynd.

Þá er þess að geta, að útgerðarmaður situr mjög yfir höfðum skipverja í þessu máli, þar sem hann á þess kost, ef hann svo kýs, að svipta skipverja réttindum þessum með einfaldri uppsögn.

Það er því brýnt að þessu verði breytt, og má telja það réttlætismál.